

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8.4.2021
Tilvísun: 20210303739

Umsögn ríkisskattstjóra um breytingu á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (varanleg hækkun) – 544. mál, þskj. 910

Ríkisskattstjóri hefur þann 18. mars sl. móttakið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæði við lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, sem lögfest var ásamt öðrum ráðstöfunum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru með lögum nr. 37/2020, verði fært varanlega inn í hin fyrrnefndu lög.

Tilfni þykir til að setja fram eftirfarandi ábendingar við þessar breytingar eins og þær liggja fyrir:

Ríkisskattstjóri bendir á að veittur nýsköpunarstuðningur á grundvelli laga nr. 152/2009 hefur aukist verulega undanfarin ár. Þá hefur það sýnt sig að hækkun á nýsköpunarstuðningi fylgir almennt aukin ásókn félaga í þetta úrræði, þ.m.t. félaga sem e.t.v. eiga ekki tilkall til stuðnings af þessum toga. Á árunum 2011-2020 nam aukning á veittum stuðningi 817,14%, og hækkaði úr rúmunum 634,6 milljónum kr. í rúmar 5.185,5 milljónir kr. Á milli ára 2019 og 2020 hækkaði veittur stuðningur um 144,91% og félögum þeim sem sóttu um stuðning fjölgaði úr 163 í 201.

Að mati ríkisskattstjóra er vert að nefna að framkvæmd sú sem snertir nýsköpunarstuðning er afar flókin þar sem erfitt getur verið að skilja á milli venjubundins rekstrarkostnaðar og kostnaðar vegna nýsköpunarverkefna. Á stundum getur þurft sérhæfða þekkingu til að greina þarna á milli. Reynslan hefur þó sýnt að ekki er vanþörf á eftirliti með þessum málaflokki þar sem nokkur brögð hafa verið að því að við skattskil hafi almennur rekstrarkostnaður og kostnaður sem telja verður að tilheyri frekar eðlilegum endurbótum á fyrirliggjandi afurð sem viðkomandi fyrirtæki hefur tekjur af verið færður undir kostnað vegna staðfesta nýsköpunarverkefna. Vert þykir að benda á að ekki hafa verið sett með lögnum sérstök ákvæði um beitingu álags eða annarra refsivíðurlaga til að bregðast við og skapa varnaðaráhrif vegna háttsemi sem ekki samrýmist lögum þessum. Þá byggjast kostnaðargreinargerðir sem áritaðar eru af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, almennt einungis á niðurstöðum bókhaldsreikninga og staðhæfingum forstöðumanna viðkomandi fyrirtækja, um að tiltekinn kostnaður teljist rannsóknar- og þróunarkostnaður. Sjaldnast virðist því byggt á sjálfstæðu mati og skoðun fagaðila. Ekki ætti að þurfa að áréttta að misnotkun á þessum stuðningi með


óréttmætum kostnaðarfærslum getur leitt til verulegra útgjalda af hálfu hins opinbera, í formi óréttmætra endurgreiðslna, auk þess að raska samkeppni á markaði.

Með vísan til þess sem fram hefur komið um flækjustig við eftirlit með færslu kostnaðar vegna nýsköpunarverkefna, telur ríkisskattstjóri óvarlegt að gera ráðstafanir sem ljóst þykir að muni leiða til aukins umfangs málaflokksins til frambúðar, og aukinna endurgreiðslna úr ríkissjóði, án þess að hugað sé að því hvernig styrkja megi viðeigandi regluverk í því skyni að einfalda og styrkja umrædda framkvæmd. Slíkar breytingar væru jafnframt til þess fallnar að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika gagnvart skattaðilum.

Verði að veruleika áform um að lögfesta með varanlegum hætti bráðabirgðaákvæði I og II í lögum nr. 152/2009 þá telur ríkisskattstjóri sérstaklega æskilegt að samhliða fyrirhugaðri breytingu á 10. gr. laganna verði jafnframt kveðið á um það með skýrum hætti hvort aðkeyptur kostnaður frá tengdum aðila skuli falla undir styrkhæfan kostnað eður ei, en þar er nú einungis tekið á því hvernig fari með kostnað vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu sem veitt er af ótengdum aðilum, sbr. 6. gr. laganna.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra

Helga Valborg Steinarsdóttir



Kristján Gunnarsson

